

Fundur hjá stjórn Foreldrafélags Hrafnagilsskóla 16.febrúar 2022 kl. 20:00

Mætt eru, Anna Júlía, Anna María, Garðar Kári, Linda og Susanne.

Rætt var um mikilvægi þess að hugsa út fyrir rammann þegar kemur að fræðslu, gera eitthvað skemmtilegt, jákvætt og hvetjandi líka.

Einnig rætt um sálgaeslu/sáluhjálp vegna covid, það hefur verið erfitt að gera plön og miklar breytingar hafa oft orðið á áætlunum með stuttum fyrirvara.

Gera eitthvað jákvætt og hvetjandi sem hentar börnum og foreldrum saman.

Rætt um hvað væri hægt að gera skemmtilegt í vor þegar nær drægi að skólalokum, ýmsar tillögur eins og grill í Aldísarlundi/Ungmennafélagslundi og hoppukastalar. Einnig tillögur að afþreyingu og skemmtun, út að renna, snjóhúsgerð, kakó og pönnsur. Tillaga um að Garðar fræði unglingastig um matreiðslu ef áhugi er fyrir. Garðar sendir þessar hugleiðingar á Hrund.

Almenn ánægja var með teikninámskeiðið sem foreldrafélagið stóð fyrir. En mikil vinna fór í vinnu vegna skipulags og utanumhalds að hálfu stjórnarinnar.

Stóðum einnig fyrir leiklistarnámskeiði en teljum að nóg sé að miða við eitt sambærilegt námskeið á önn en ekki tvö eins og var.

Stefna að stjórn haldi fund með Hrund skólastjóra einu sinni á skólaári.

Tillaga um að leggja til á aðalfundi hækkun á gjaldi til foreldrafélagsins, hefur ekki hækkað mikið síðustu ár og þannig mætti auka svigrúm sem félagið hefur til þess að gera eitthvað fyrir börnin okkar. Eign félagsins nú um 110.000 kr.

Setja netfang félagsins inn á heimasíðuna og uppfæra á Facebook síðu félagsins.

Fundi slitið kl. 21:50